

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 5. mars 2025

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um myndavélamastur á Reykjavíkflugvelli

Lagt er til að erindi Isavia frá 13. júlí 2023 um uppsetningu á myndavélamastri fyrir fjarturn við Reykjavíkflugvöll, verði lagt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur við fyrsta tækifæri.

Greinargerð:

Ljóst er að óhæfilegur dráttur hefur orðið á vinnslu málsins. Um er að ræða mikilvægt öryggis- og rekstrarmál vegna umferðarstjórnunar á og við flugvöllinn. Jafnframt verði skoðað hvort hægt sé að gera umhverfislistaverk úr mastrinu.